




Count on it.

Notendahandbók

Flex™ -hrífa **Sand Pro® 2040Z**

Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 314000001 og upp úr
Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 314000131 og upp úr
Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 315000001 og upp úr
Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 316000001 og upp úr
Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 400000000 og upp úr
Tegundarnúmer 08716—Raðnúmer 314000001 og upp úr



G024504



⚠ VIÐVÖRUN

KALIFORNÍA Viðvörðun, tillaga 65

Notkun á þessari vöru getur valdið snertingu við efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.



Mynd 2

g000502

1. Öryggistákn


Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Inngangur

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um staðsetningu söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. [Mynd 1](#) sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.



Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum ([Mynd 2](#)), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.

Efnisyfirlit

Uppsetning	3
1 Stilling á þrýstingi hjólbarða.....	4
2 Flutningskubburinn fjarlægður	4
3 Miðjuhluti og hliðarhlutar tengdir saman	4
4 Dráttarbitinn festur við hrífuna	5
5 Bóma fest	6
6 Kaplarnir festir	7
7 Keðjurnar festar	7
Yfirlit yfir vöru	8
Notkun	9
Mótvægi sett upp og fjarlægð	9
Hrífan sett á vinnuvélina	9
Snúanlegu stoppboltarnir stilltir	11
Skoðun sléttunarmynsturs og stilling á lyfti- og snúningskerfinu	11
Stilling á hæð hrífunnar	12
Hrífan hækkuð upp og látin síga	13
Hrífan fjarlægð af vinnuvélinni.....	13
Sléttun sandgryfju.....	13
Bilanaleit	15

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stillið þrýsting í hjólbörðum.
2	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Fjarlægið flutningskubbinn af vinnuvélinni.
3	Miðjuhluti Hluti hægra megin Hluti vinstra megin Bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.) Lásró ($\frac{3}{4}$ tomma) Langur stöðuhólkur Kaplalíf	1 1 1 2 2 2 2	Tengið miðjuhlutann og hliðarhlutana saman.
4	Dráttarbiti Bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.) Lásró ($\frac{3}{4}$ tomma) Langur stöðuhólkur	1 1 1 1	Festið dráttarbitann við hrifuna.
5	Bóma Burðarbolti ($\frac{3}{8} \times \frac{3}{4}$ to.) Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.) Bolti ($\frac{1}{4} \times \frac{5}{8}$ to.)	1 2 2 1	Festið bómuna.
6	Kapall Axlarbolti Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ to.)	2 4 4	Festið kaplana.
7	Keðjur U-bolti Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ to.)	1 1 2	Festið keðjurnar.

Margmiðlun og aukahlutir

Lýsing	Magn	Notkun
Bolti ($\frac{5}{16} \times 2\frac{1}{2}$ to.)	2	Komið hrifunni fyrir á vinnuvélinni.
Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ to.)	2	
Hengsli	2	
Bolti ($\frac{3}{4} \times 4\frac{1}{2}$ to.)	1	
Lásró ($\frac{3}{4}$ tomma)	1	
Stuttur stöðuhólkur	2	
Bolti ($\frac{5}{16} \times 1$ to.)	4	
Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ to.)	4	

1

Stilling á þrýstingi hjólbarða


Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Mikilvægt er að réttur þrýstingur sé í hjólbörðum vinnuvélarinnar til að hrífan virki rétt. Gangið úr skugga um að þrýstingur í hjólbörðum sé 48 kPa (7 psi) ([Mynd 3](#)).

Þrýstingsmælingin verður nákvæmari ef þrýstingur hjólbarðanna er mældur á meðan hjólbarðarnir eru kaldir.


Þrýstingur: 48 kPa (7 psi)



G001055

Mynd 3

g001055



G023667

g023667

Mynd 4

2. Fargið festingunum og flutningskubbinum.

3

Miðjuhluti og hliðarhlutar tengdir saman

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Miðjuhluti
1	Hluti hægra megin
1	Hluti vinstra megin
2	Bolti ($\frac{3}{4}$ x $3\frac{1}{2}$ to.)
2	Lásró ($\frac{3}{4}$ tommu)
2	Langur stöðuhólkur
2	Kaplahlíf

Verklag

1. Komið hlutunum fyrir þannig að efri plata miðjuhlutans snúi fram á við og efri plata hvers miðjuhluta snúi aftur á bak ([Mynd 5](#)).

2


Flutningskubburinn fjarlægður

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

Fjarlægja verður flutningskubbinn áður en hægt er að koma hrífu fyrir á nýrri vinnuvél.


1. Fjarlægðu rærnar, boltana og skinnurnar sem festa flutningskubbinn við afturhluta vinnuvélarinnar.



G024527
g024527

Mynd 5

1. Efsta plata snýr fram á við (miðjuhluti) 2. Efsta plata snýr aftur á bak (hliðarhluti)
2. Stingið löngum stöðuhólki í snúningsop hvers hliðarhluta fyrir sig (Mynd 6).



G024501

g024501

Mynd 6

1. Miðjuhluti
2. Kaplahlíf
3. Lásró ($\frac{3}{4}$ tommu)
4. Hliðarhluti
5. Langur stöðuhólkur
6. Bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.)

3. Látið snúningsopið á hlutanum hægra megin flúttu við snúningsopið hægra megin á miðjuhlutanum.
4. Setjið kaplahlíf yfir snúningsopið og festið með bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.) og lásró ($\frac{3}{4}$ to.) og herðið með 163 til 217 N-m (120 til 160 ft-lb) hersluátaki; sjá Mynd 6.

Ath.: Gangið úr skugga um að hliðarhlutinn snúist hindrunarlaust. Losið lítillga um róna og boltann ef með þarf. Tryggið að burðarboltarnir snerti ekki hvorn annan á hreyfingu.

5. Látið snúningsopið á hlutanum hægra megin flúttu við snúningsopið hægra megin á miðjuhlutanum.
6. Setjið kaplahlíf yfir snúningsopið og festið með bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.) og lásró ($\frac{3}{4}$ to.) og herðið með 163 til 217 N-m (120 til 160 ft-lb) hersluátaki, sjá Mynd 6.

Ath.: Gangið úr skugga um að hliðarhlutinn snúist hindrunarlaust. Losið lítillga um róna og boltann ef með þarf. Tryggið að burðarboltarnir snerti ekki hvorn annan á hreyfingu.

4


Dráttarbitinn festur við hrífuna

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Dráttarbiti
1	Bolti ($\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ to.)
1	Lásró ($\frac{3}{4}$ tommu)
1	Langur stöðuhólkur


Verklag

1. Stingið löngum stöðuhólki inn í opið aftan á dráttarbitanum (Mynd 7).



Mynd 7

- | | |
|----------------------------|-----------------------|
| 1. Pinni | 4. Langur stöðuhólkur |
| 2. Lásró (3/4 tomm) | 5. Dráttarbiti |
| 3. Bolti (3/4 x 3 1/2 to.) | |



Mynd 8

- | | |
|------------------------------|------------------------------------|
| 1. Sjálflæsandi ró — 3/8 to. | 4. Burðarbolti — 3/8 x 3/4 to. (2) |
| 2. Bolti (1/4 x 5/8 to.) | 5. Dráttarbiti |
| 3. Bóma | |

- Látið opið aftan á dráttarbitanum flúttu við opið á pinnanum.
- Stingið inn boltanum (3/4 x 3 1/2 to.) til að festa dráttarbitann við pinnann.
- Komið lásrónni (3/4 to.) fyrir á boltanum og herðið með 163 til 217 N-m (120 til 160 ft-lb) hersluátaki.

- Stingið burðarboltunum (3/8 x 3/4 to.) í opin og festið boltana með tveimur sjálflæsandi róm (3/8 to.).
- Stingið boltanum (1/4 x 5/8 to.) í opið framan á plötunum.

5

Bóma fest

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Bóma
2	Burðarbolti (3/8 x 3/4 to.)
2	Sjálflæsandi ró (3/8 to.)
1	Bolti (1/4 x 5/8 to.)

Verklag

- Látið opin á botnplötu bómunnar flúttu við opin á plötunni aftarlega á dráttarbitanum (Mynd 8).

6

Kaplarnir festir


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Kapall
4	Axlarbolti
4	Sjálflæsandi ró (5/16 to.)

Verklag

1. Látið endann á hverjum kapli flúttu við op á hrífuendanum ([Mynd 9](#)).

Ath.: Gangið úr skugga um að endar kaplana séu í sömu stöðu og sýnd er á [Mynd 9](#) til að koma í veg fyrir flækju.




Mynd 9

G024507
g024507

1. Axlarbolti
2. Kapall
3. Sjálflæsandi ró (5/16 to.)

2. Festið hvern kapal með axlarbolta og sjálflæsandi ró (5/16 to.).
3. Þræðið annan enda kaplana í gegnum viðeigandi kaplastoð og látið hvern enda flúttu við opin efst á bómunni ([Mynd 10](#)).

Ath.: Gangið úr skugga um að endar kaplana séu í sömu stöðu og sýnd er á [Mynd 10](#) til að koma í veg fyrir flækju.



G023805
g023805

Mynd 10

1. Sjálflæsandi ró (5/16 to.)
2. Bóma
3. Axlarbolti
4. Kapall
5. Kaplastoð

4. Festið efri hluta hvers kapals með axlarbolta og sjálflæsandi ró (5/16 to.).

Ath.: Stillið stöðu efri hluta kaplana eftir þörfum þegar uppsetningu er lokið; sjá [Lyfti- og snúningskerfið stillt](#) ([síða 11](#)).

7

Keðjurnar festar


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Keðjur
1	U-bolti
2	Sjálflæsandi ró (5/16 to.)

Verklag

1. Stingið miðflipa festingar dráttarbitans í opið sem er fyrir miðju dráttarbitans ([Mynd 11](#)).


Yfirlit yfir vöru



Mynd 11

1. Sjálflæsandi ró (5/16 to.)
2. Festing dráttarbita
3. Miðflipi
4. Dráttarbiti
5. U-bolti

2. Komið U-boltanum fyrir og festið með tveimur sjálflæsandi róm (5/16 to.).



Mynd 12

1. Kapall
2. Bóma
3. Lyftikeðjur
4. Grindarfesting
5. Keðjur
6. Dráttarbiti
7. Festing dráttarbita
8. Hrifa

Notkun

Mótvægi sett upp og fjarlægð


Koma verður lóðunum fjórum sem fylgja með vinnuvélinni fyrir á Flex-hrífunni. Ávallt skal ganga úr skugga um að nægilegur fjöldi lóða sé til staðar í vinnuvélinni.

Frekari upplýsingar um hversu mörg lóð skal nota á vinnuvélinni að framan er að finna í eftirfarandi töflu:

Tengitæki	Nauðsynlegur fjöldi lóða
Flex-hrífa	4
Flex-hrífa með yfirferðarbursta	6
Herfi	6
Herfi með yfirferðarmottu	8

1. Fjarlægið boltana tvo og rærnar tvær sem festa fyrirbyggjandi mótvægislóð framan á vinnuvélinni (Mynd 13).

Ath.: Ef vinnuvélin er með ljósasett þarf að fjarlægja róna og boltann sem festa framljósið við vinnuvélina. Geymið alla hluta; sjá uppsetningarleiðbeiningar fyrir ljósasett.



Mynd 13

g023729

2. Bætið við eða fjarlægið mótvægi eftir þörfum.
3. Festið mótvægið með boltunum tveimur og rónum tveimur.

Ath.: Ef vinnuvélin er með ljósasett er framljósið fest við vinnuvélina með því að stinga bolta í gegnum mótvægislóðin og festa hann með ró; sjá uppsetningarleiðbeiningar fyrir ljósasett.


Hrífan sett á vinnuvélina

Keðjurnar tengdar við lyftibúnað tengitækisins

1. Rennið dráttarbitanum undir vinnuvélina að aftan.
2. Rennið keðjunum undir kaplana.
3. Komið hengslum fyrir við enda hvernar lyftikeðju.

Mikilvægt: Gangið úr skugga um að ekki sé snúið upp á keðjurnar.

4. Látið hvert hengsli flúttu við viðeigandi hlið lyftibúnaðar tengitækis vinnuvélarinnar (Mynd 14).



Mynd 14


g023744

5. Festið hvert hengsli fyrir sig með sjálfæsandi ró (5/16 to.) og bolta (5/16 x 2½ to.).

Ath.: Gangið úr skugga um að skrúfgangur hvers bolta fyrir sig snerti næloninnlegg sjálfæsandi róarinnar og hvert hengsli snúist hindrunarlaust.

Dráttarbitinn tengdur við tengibúnað grindarinnar

1. Látið stangarenda dráttarbitans flutta við tengibúnað grindarinnar (Mynd 15).




Mynd 15

- | | |
|--|------------------------|
| 1. Bolti ($\frac{3}{4}$ x $4\frac{1}{2}$ to.) | 4. Stuttur stöðuhólkur |
| 2. Grindarfesting | 5. Stangarendi |
| 3. Lásró ($\frac{3}{4}$ tommu) | |

2. Setjið stöðuhólk sitt hvoru megin við stangarendann og stingið boltanum ($\frac{3}{4}$ x $4\frac{1}{2}$ to.) í gegnum grindarfestinguna, stangarendann og stöðuhólkana.
3. Festið boltann með lásrónni ($\frac{3}{4}$ to.) og herðið með 163 til 217 N-m (120 til 160 ft-lb) hersluátaki.

Grindarfestingu komið fyrir


1. Fjarlægjið róna og boltann sem halda hlíf hljóðkútsins á sínum stað aftan á vinnuvélinni (Mynd 16).



Mynd 16

2. Látið boltagöt grindarfestingarinnar flúta við boltagöt grindarinnar.

Ath.: Gangið úr skugga um að keðjurnar séu lagðar í kross eins og sýnt er á Mynd 17.



Mynd 17


Vinnuvél ekki sýnd

3. Festið grindarfestinguna með fjórum boltum ($\frac{5}{16}$ x 1 to.) og fjórum sjálflæsandi róm ($\frac{5}{16}$ to.), sjá Mynd 16).

Snúanlegu stoppboltarnir stilltir

1. Snúið hrifunni til einnar hliðar. Stoppboltinn ætti að snerta dráttarbitann þegar hrífan er 51 mm (2 to.) frá hjólbarðanum (Mynd 18).

Engin þörf er á frekari stillingu ef 51 mm (2 to.) fríbil er á milli hrifunnar og hjólbarðans.




Mynd 18

1. 51 mm (2 to.)

2. Athugið hvort nægilegt fríbil eða of mikið fríbil er á milli hjólbarðans og hrifunnar.

- Losið um sjálflæsandi róna ef ekki er nægilegt fríbil til staðar.
- Losið um festiróna ef of mikið fríbil er til staðar.

Ath.: Komið skruflykli fyrir á ferhyrnda hálsi boltans til að koma í veg fyrir að boltinn snúist.



Mynd 19

1. Stoppbolti
2. Sjálflæsandi ró
3. Festiró
4. Ferhyrndur háls

3. Þegar stoppboltinn er í réttri stöðu og 51 mm (2 to.) fríbil er á milli hrifunnar og hjólbarðans skal herða viðeigandi ró.

- Herðið festiróna núna ef losað var um sjálflæsandi róna.
- Herðið sjálflæsandi róna núna ef losað var um festiróna.

Ath.: Komið skruflykli fyrir á ferhyrnda hálsi boltans til að koma í veg fyrir að boltinn snúist.

4. Endurtakið þetta ferli fyrir hinn stoppboltann.
5. Gangið úr skugga um að hrífan snerti ekki hjólbarðana á hreyfingu.

Skoðun sléttunarmynsturs og stilling á lyfti- og snúningskerfinu

Skoðun sléttunarmynsturs


1. Gangið úr skugga um að loftþrýstingur í hjólbörðum sé 48 kPa (7 psi).
2. Akið vinnuvélinni í sandgryfju með flötu yfirborði, ef því er við komið.
3. Látið hrífuna síga og beygið vinnuvélina til vinstri við akstur þannig að hrífan snúist heilan hring.
4. Stöðvið vinnuvélina, svissið af, setjið stöðuhemilinn á, fjarlægið lykilinn og bíðið þar til allir hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
5. Stígið af vinnuvélinni og skoðið vinstri hluta sléttunarferlisins í sandinum.

Ath.: Hrífan ætti að raka yfir hjólförin en ætti ekki að snerta sandinn dýpra en sem nemur hjólförinum. Frekari upplýsingar er að finna í [Lyfti- og snúningskerfið stillt \(síða 11\)](#) ef sléttunarmynstrið er rangt.

6. Endurtakið ferlið fyrir hægri hlið hrifunnar.

Lyfti- og snúningskerfið stillt

1. Ljúkið skrefum 1 til 5 á [Skoðun sléttunarmynsturs \(síða 11\)](#).
2. Snúið hrifunni alla leið til annarrar hliðar.
3. Í innanverðum snúningnum (t.d. vinstra megin ef hrifunni er snúð til vinstri) skal ákvarða hvort að hrífan snerti sandinn um of og sléttir dýpra en hjólförin, eða snerti ekki sandinn nægilega til að slétta yfir hjólförin.
4. Gætið að opinu sem efsti hluti kapalsins er festur við.
5. Fjarlægið axlarboltann og sjálflæsandi róna og færið endann á kaplinum í viðeigandi op.
 - Þegar hrífan snertir sandinn um of og sléttir út yfir hjólförin skal færa efsta hluta kapalsins í op sem er nær miðju bómunnar.



Mynd 20

- Þegar hrífan snertir ekki sandinn nægilega mikið til að slétta yfir hjólförin skal færa efsta hluta kapalsins í op sem er lengra frá miðju bómunnar.


6. Notið axlarboltann og sjálfæsandi róna til að festa kapalinn á sínum stað.

Ath.: Gangið úr skugga um að endi kapalsins sé í sömu stöðu og sýnt er á [Mynd 20](#) til að draga úr hættu á viðloðun.


7. Endurtakið ferlið á hinni hliðinni.

Stilling á hæð hrífunnar


Hægt er að stilla dýpt hrífunnar til að auka eða draga úr róti á efninu. Þegar brún hrífunnar er hallað fram ([Mynd 21](#)), í áttina að vinnuvélinni, tekur hrífan með sér meira af efni og ratar dýpra í efninu. Þegar brún hrífunnar er hallað aftur á bak ([Mynd 23](#)), í áttina frá vinnuvélinni, tekur hrífan með sér minna af efni og ratar grynna í efninu.



Mynd 21
Hallað fram á við




Mynd 22
Miðstaða



Mynd 23
Hallað aftur á bak

1. Fjarlægjið **fremri** rærnar og boltana sem halda hrífunni fastri við festinguna ([Mynd 24](#)).



Mynd 24

- | | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. Aftari sjálflæsandi ró (2) | 3. Fremri bolti (2) |
| 2. Aftari bolti (2) | 4. Fremri sjálflæsandi ró (2) |

2. Losið um **aftari** rær og bolta.
3. Stillið æskilega dýpt hrifunnar og notið viðeigandi op.

Ath.: Við miðstillingu eru opin nær aftari boltunum notuð. Opin sem er lengra frá aftari boltunum eru notuð fyrir hinar tvær stöðurnar.

4. Stingið boltunum í opin og festið með rónum.
5. Herðið rærnar á fremri og aftari boltunum.

Hrífan hækkuð upp og látin síga

Notið tengitækisrofann á hægri stjórnstöng vinnuvélarinnar til að hækka og lækka hrifuna.

Ýtið rofanum upp á við til að hækka hrifuna og ýtið rofanum niður á við til að lækka hrifuna; nánari upplýsingar er að finna í *notendahandbók* vinnuvélarinnar.

Hrífan fjarlægð af vinnuvélinni

⚠ VÍÐVÖRUN

Ef vinnuvélinni er ekið án uppsetts tengitækis er hætt á að hún velti og valdi meiðslum á fólki eða eignaskemmdum.

Ekki aka vinnuvélinni án uppsetts viðurkennds tengitækis frá Toro.

1. Aftengið dráttarbitann af krók undirvagnsins.
2. Aftengið hengslin af lyftibúnaði tengitækisins.
3. Fjarlægið grindarfestinguna sem er aftan á vinnuvélinni.


Sléttun sandgryfju

Lesið þennan hluta um sléttun vandlega yfir áður en byrjað er að slétta sandgryfju. Margir þættir hafa áhrif á hvaða stillingar eru nauðsynlegar. Áferð og dýpt sands, rakastig, gróður og þéttni eru allt þættir sem eru ólíkir á milli golfvalla og jafnvel á milli gryfja innan sama vallar. Stillið hrifuna til að tryggja besta mögulega árangur á hverju svæði fyrir sig.

Sléttunarpjálfun

Æfa skal sléttun í stórrí og sléttí sandgryfju á golfvelli. Æfið að taka af stað og stöðva, beygja, hífa hrifuna og láta hana síga, akstur inn í og út úr gryfju o.s.frv. Æfið með vélina á hæfilegum snúningshraða og á hægum aksturshraða. Slík æfing mun gera stjórnanda kleift að læra á vinnuvélina.

Ráðlagt mynstur við sléttun gryfju er sýnt á [Mynd 25](#). Þetta mynstur kemur í veg fyrir óparfa skörun, heldur þjöppun í lágmarki og skilar áferðarfalllegu mynstri í sandinn. Þetta er skilvirkasta sléttunaraðferðin en þó er nauðsynlegt að breyta sléttunarmynstrinu með reglulegu millibili til að koma í veg fyrir myndun þvottabrettis.



Mynd 25

1. Akið á langveginn á sléttu svæði inn í beina gryfju.
2. Akið út úr gryfjunni á sléttu svæði hægra megin.

Akið á langveginn inn í beina gryfju, þar sem bakkinn er lægstur. Akið í gegnum miðju gryfjunnar, næstum út að hinum enda hennar, og takið svo eins skarpa beygju og hægt er í aðra hvora áttina og akið næstu yfirferð til baka. Akið í spirál út á við eins og sýnt er á [Mynd 25](#) og akið út úr gryfjunni á sléttu svæði hægra megin.

Skiljið eftir bratta og stutta bakka og dældir og sléttið þau svæði í höndunum.

Ekið inn í og út úr gryfjunni

Þegar ekið er inn í gryfju skal ekki láta hrífuna síga fyrir en hún er öll fyrir ofan sand. Þannig er komið í veg fyrir að grassvörðurinn skemmist eða gras eða önnur óhreinindi berist í gryfjuna. Látið hrífuna síga á meðan vinnuvélinni er ekið áfram.

Þegar ekið er út úr gryfjunni skal byrja að hífa hrífuna um leið framdekkinn eru komin úr gryfjunni. Þannig er hrífan komin á loft þegar vinnuvélin ekur út úr gryfjunni og enginn sandur berst yfir á grasið.

Með tíð og tíma lærir stjórnandinn rétta tímasetningu við akstur inn í og út úr gryfjunni.

Bilanaleit

Vandamál	Möguleg orsök	Aðgerð til úrbóta
Dropalaga svæðið er ekki sléttað.	<ol style="list-style-type: none"> Kaplar lyfti- og snúningsbúnaðarins eru ekki stilltir á réttan hátt. Snúanlegu stoppboltarnir eru ekki stilltir á réttan hátt. 	<ol style="list-style-type: none"> Stillið kapla lyftu- og snúningsbúnaðarins. Stillið snúanlegu stoppboltana.
Útlit svæðisins sem var sléttað er óviðunandi.	<ol style="list-style-type: none"> Halli hrifunnar er ekki réttur. Ekki er hægt að ná sléttun sem óskað er eftir með stöðluðu uppsetningunni. Vinnuvélinni er ekið of hratt eða of hægt. 	<ol style="list-style-type: none"> Stillið fríbil hrifunnar. Komið fyrir valfrjálsa sópsnyrtisettnu (selt sér). Breytið aksturshraða vinnuvélarinnar eða komið fyrir valfrjálsa hraðatakörkunarseitnu (selt sér).
Hrífan snertir hjólbarðana.	<ol style="list-style-type: none"> Snúanlegu stoppboltarnir eru ekki stilltir á réttan hátt. Stoppkeðjurnar eru ekki settar saman á réttan hátt. 	<ol style="list-style-type: none"> Stillið snúanlegu stoppboltana. Gangið úr skugga um að stoppkeðjurnar liggja í kross og boltinn sem festir keðjurnar sé á sínum stað í sjötta hlekknum frá dráttarbitanum.
Ósléttaðar hrúgur eru þar sem hliðarhlutar hrifunnar snúast frá miðjuhlutanum.	<ol style="list-style-type: none"> Íhlutum hrifunnar er ekki rétt komið fyrir. 	<ol style="list-style-type: none"> Gangið úr skugga um að hliðarhlutarnir séu festir á réttan hátt við miðjuhlutann til að lágmarka fríbilið á milli miðjuhlutans og hliðarhlutanna.
Greinileg hjólför eru á sléttaða svæðinu.	<ol style="list-style-type: none"> Hrífan er ekki lækkuð að fullu. Snúið er upp á lyftikeðju undir öryggishlífinni. 	<ol style="list-style-type: none"> Látið hrífuna síga að fullu við sléttun. Fjarlægjið hengslið, losið flækjuna á keðjunni og komið hengslunum fyrir á ný.

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Yfirlýsing um ísetningu

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar tilskipanir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tiltekna tegundir Toro, eins tiltekið er í viðeigandi samræmisyfirlýsingu.

Tegundarnúmer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
08716	314000001 og upp úr	Flex-hrífa fyrir Sand Pro 2040Z-dráttarvél	TOOTH RAKE - SANDPRO 2040Z	Flex-hreinsari	2006/42/EB

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt kröfum í hluta B af viðauka VII við 2006/42/EB.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisyfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi tilskipanir.

Vottað:



Tom Langworthy
Yfirverkfræðingur
8111 Lyndale Ave. South
Bloomington, MN 55420, USA
September 23, 2022

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux
Manager European Product Integrity
Toro Europe NV
Nijverheidsstraat 5
2260 Oevel
Belgium

UK Declaration of Incorporation

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar tilskipanir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tilteknar tegundir Toro, eins tiltekið er í viðeigandi samræmisýfirlýsingu.

Tegundarnúmer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
08716	314000001 og upp úr	Flex-hrífa fyrir Sand Pro 2040Z-dráttarvél	TOOTH RAKE - SANDPRO 2040Z	Flex-hreinsari	S.I. 2008 nr. 1597

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt áætlun 10 í S.I. 2008 nr. 1597.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisýfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi tilskipanir.

This declaration has been issued under the sole responsibility of the manufacturer.
The object of the declaration is in conformity with relevant UK legislation.

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux
Manager European Product Integrity
Toro U.K. Limited
Spellbrook Lane West
Bishop's Stortford
CM23 4BU
United Kingdom



Tom Langworthy
Yfirverkfræðingur
8111 Lyndale Ave. South
Bloomington, MN 55420, USA
September 23, 2022



Heildarþýrgð Toro

Takmörkuð ábyrgð

Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company og tengdur aðili þess, Toro Warranty Company ábyrgjast sameiginlega gagnvart þér, samkvæmt samkomulagi á milli þessara tveggja aðila, að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð önnurast við viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
Toro Warranty Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro. Hugsanlega býður framleiðandi þessara hluta upp á að sína eigin ábyrgð.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt. Ef Toro-vörinni er ekki viðhaldið í samræmi við ráðlagt viðhald í *notendahandbókinni* kann ábyrgðarkröfum að verða hafnað.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhluti sem slitna við notkun, nema þeir reynist gallaðir. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbarðar, síur, reimar og tiltekni úðarahlutir á borð við himnur, stúta og einstefnuloka o.s.frv.
- Bilanir vegna utanaðkomandi þátta. Aðstæður sem teljast til utanaðkomandi þátta teljast vera, en eru ekki takmarkaðar við, geymsluvenjur, mengun, notkun ósamþykks eldsneytis, kælivöskva, smurefni, íblöndunarefni, áburð, vatn eða iðefni o.s.frv.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, díslólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflytjanda Toro.

- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu.
- Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum o.s.frv.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta eigi um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu:

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarfjölda kílóvattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlaðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Hugsanlega þarf að skipta um rafgeymi innan hefðbundins ábyrgðartímabils vörunnar á kostnað eiganda. Athugið: (eingöngu Li-ion rafhlöður): Li-ion rafhlaða er eingöngu með hlutfallslega ábyrgð á varahlutum frá og með þriðja ári og út það fimmta, á grunni vinnustunda og kílóvattstunda. Frekari upplýsingar er að finna í *notendahandbókinni*.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivöskvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company bera ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísar er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluháfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Varðandi ábyrgð á vél:

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu Kaliforníu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörinni eða sem er að finna í fylgiskjöldum vélarframleiðanda